

## FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2024

**KVIKMYNDASAGA, 2. SEPTEMBER KL. 14:15**

**PSYCHO, 9. SEPTEMBER KL. 14:15**

**EPLI ADAMS, 16. SEPTEMBER KL. 14:15**

**HEAVENLY CREATURES, 23. SEPTEMBER KL. 14:15**

**RAGING BULL, 30. SEPTEMBER, KL. 14:15**

**BLACK SWAN, 7. OKTÓBER KL. 14:15**

**THE EXORCIST, 14. OKTÓBER KL. 14:15**

**VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS**

**AMELIE, 4. NÓVEMBER KL. 14:15**

**PERSONA, 11. NÓVEMBER KL. 14:15**

**PULP FICTION, 18. NÓVEMBER KL. 14:15**

**THE BIG LEBOWSKI, 25. NÓVEMBER, KL. 14:15**

**PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE, 2. DESEMBER KL. 14:15**

**PARASITE, 9. DESEMBER KL. 14:15**



*Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur*

*Skráningar: oddnysen@gmail.com*

*Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís*

*<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>*



## PSYCHO



*TEGUND OG ÁR: Sálfræðilegur spennutryllir, 1960*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin.*

*LENGD: 109 mínútur*

*LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock*

*LEIKARAR: Janet Leigh, Anthony Perkins, Vera Miles*

*TUNGUMÁL: Enska með enskum texta*

Alfred Hitchcock er einn mikilvægasti kvikmyndaleikstjóri sem uppi hefur verið, en hann lagði grundvöllinn að kvikmyndagerð eins og við þekkjum hana í dag.

Psycho segir frá Marion Crane, sem starfar á skrifstofu. Kærasti hennar, Sam, getur ekki gifst henni vegna tekjuleysis, svo að dag nokkurn ákveður Marion að stela peningum frá vinnuveitanda sínum, fara úr bænum og byrja nýtt líf með Sam. Á leiðinni ákveður hún að gista á Bates-vegahótelinu þar sem hún hittir feiminn og hlédrægan mann að nafni Norman Bates.

Psycho sló öll aðsóknarmet og Hitchcock notaði nýstárlegar aðferðir til að segja æsispennandi sögu sem hefur staðist tímans tönn.

## EPLI ADAMS



**TEGUND OG ÁR:** *Gamanmynd, drama, 2005*

**LENGD:** *94 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Danmörk*

**LEIKSTJÓRI:** *Anders Thomas Jensen*

**AÐALHLUTVERK:** *Mads Mikkelsen, Ulrick Thomsen, Paprika Steen*

**TUNGUMÁL:** *Danska með enskum texta.*

Í Eplum Adams segir frá dönskum sveitapresti sem tekur á móti föngum til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu. Þegar nýnasisti er sendur til hans, fær presturinn hann til að sjá um eplatréð við kirkjuna sem er stolt staðarins og baka köku úr eplunum. En hlutirnir fara brátt úr böndunum því ekkert er sem sýnist á þessu einkennilega prestssetri.

Myndin sækir í Jobsbók úr Biblíunni sem fléttast við ýmis samfélags- og tilvistarstef, en hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Bodilverðlaunin sem besta danska myndin 2006.

## HIMNESKAR VERUR



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd byggð á sönnum atburðum, 1994*

**LENGD:** 99 MIN

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Nýja-Sjáland*

**LEIKSTJÓRI:** *Peter Jackson*

**AÐALHLUTVERK:** *Melanie Lynskey, Kate Winslet, Sarah Peirse*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Heavenly Creatures er byggð á sönnu sakamáli sem gerðist í Christchurch á Nýja-Sjálandi.

Unglingsstúlkurnar Juliet Hulme og Pauline Parker eru nánar vinkonur sem elska bókmenntir og fantasíur en þegar móðir Pauline reynir að koma í veg fyrir þráhyggjukennt samband þeirra, leggja þær á ráðin um að myrða hana. Myndin gerist á árunum 1952 til 1954.

Myndin var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og hlaut Gulljónið 1994. Hún vakti mikla athygli, sér í lagi fyrir afbragðs kvikmyndatöku og góðan leik, en myndin kom Kate Winslet á kortið og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handritið.

## RAGING BULL



*TEGUND OG ÁR: Drama byggt á sönnum atburðum*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin, 1980*

*LENGD: 129 mín*

*LEIKSTJÓRN: Martin Scorsese*

*LEIKARAR: Robert De Niro, Joe Pesci, Catherine Moriarty*

*TUNGUMÁL: Enska með enskum texta*

Myndin er byggð á ævi Jake LaMotta frá 1941-1946, en hann var frægur hnefaleikakappi og gekk undir nafninu „The Bronx Bull“. Scorsese hafði í fyrstu ekki áhuga á því að gera myndina vegna þess að hann hafði ekki áhuga á íþróttum en Robert De Niro fékk hann til þess.

Það var ekki fyrr en Scorsese veiktist eftir mikla eiturlyfjaneyslu að hann fór að skoða líf Jake LaMotta með það fyrir augum að gera kvikmynd um hann. Myndin er í svarthvítu, en Scorsese vildi ekki gera litmynd af mörgum ástæðum, m.a. til að greina hana frá mynd eins og Rocky og ná andrúmslofti fimmta áratugarins.

## BLACK SWAN



*TEGUND OG ÁR: Sálfræðitryllir, 2010*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin*

*LENGD: 108 mín*

*LEIKSTJÓRI: Darren Aronofsky*

*LEIKARAR: Nathalie Portman, Vincent Cassel, Winona Ryder*

*TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta*

Svarti svanurinn segir frá dansaranum Ninu sem starfar í New York City dansflokknum. Hún býr hjá móður sinni, sem sjálf var dansari og er mjög metnaðargjörn fyrir hönd Ninu.

Nýtt ár er að hefjast hjá dansflokknum með hinum heimsfræga ballett Svanavatnið eftir Tchaikovsky. Nina vill fá aðalhlutverkið og dansa bæði hvíta og svarta svaninn, en gengur erfiðlega að túlka munúð og slægð svarta svansins. Annar dansari veitir henni jafnframt harða samkeppni.

Darren Aronofsky hóf feril sinn með myndinni Pi 1997 og vakti síðan mikla athygli fyrir næstu mynd sína, Requiem for a Dream árið 2000. Natalie Portman hlaut bæði Óskarsverðlaunin og Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni.

## THE EXORCIST



*TEGUND OG ÁR: Hrollvekja, 1973*

*LENGD: 121 MIN*

*FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin*

*LEIKSTJÓRI: William Friedkin*

*AÐALHLUTVERK: Ellen Burstyn, Linda Blair, Max von Sydow*

The Exorcist segir frá leikkonunni Chris, sem vinnur við tókur á kvikmynd í Washington D.C. Hún á tólf ára gamla dóttur að nafni Regan, en hegðun hennar breytist snögglega. Ungur prestur í háskóla skammt frá þarf að taka erfiða ákvörðun til að hjálpa veikri móður sinni og fer að efast um trú sína. Chris leitar til prestsins þegar hún hefur reynt allt til að hjálpa dóttur sinni og hann leitar til eldri prests sem telur sig þurfa að takast á við djöfulinn sjálfan.

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu William Peter Blatty sem kom út árið 1971, en hún segir frá bandarískum unglingi, Roland, sem var talinn ver andsetinn um miðja síðustu öld. The Exorcist er löngu orðin klassísk hrollvekja, ein sú fyrsta sinnar tegundar, sem hafði gríðarleg áhrif. Myndin hlaut tvönn Óskarsverðlaun.

## LE FABULEUX DESTIN D'AMELIE POULAIN/AMÉLIE



**TEGUND OG ÁR:** *Gamanmynd, drama, fantasia, 2001*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Frakkland*

**LENGD:** *122 mín*

**LEIKSTJÓRI:** *Jean-Pierre Jeunet*

**LEIKARAR:** *Audrey Tautou, Mathieu Kassovitz*

**TUNGUMÁL:** *Franska með íslenskum texta*

Amélie gerist í París og segir frá ungrri konu sem starfar sem gengilbeina á kaffihúsi. Kvöld nokkurt þegar hún sér fréttir af láti Díönu prinsessu, finnur hún skrin í íbúð sinni sem tilheyrði fyrrum leigjanda. Amélie ákveður að blanda sér í líf annarra til að öðlast tilgang með lífinu.

Myndin um Amélie kom eins og hvirfilbylur inn í franskan kvikmyndaiðnað. Hún er með frægustu kvikmyndum Frakklands, var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og hlaut Evrópsku kvikmyndaverðlaunin, BAFTA- og César-verðlaunin. Hún er í senn listræn og markaðsvæn kvikmynd sem fer ekki oft saman. Í myndinni var notast við óvenjulega kvikmyndaöku og litapalettu sem hefur haft gríðarleg áhrif á aðrar kvikmyndir.



## PERSONA



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, 1966*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Svíþjóð*

**LENGD:** *84 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Ingmar Bergman*

**LEIKARAR:** *Liv Ullman, Bibi Anderson*

**TUNGUMÁL:** *Sænska með enskum texta*

**Pekkt leikkona fær taugaáfall á miðri sýningu og neitar að tala. Eftir meðferð á geðdeild er hún send í sumarbústað á afskekktu eyju ásamt hjúkrunarfræðingi sér til heilsubótar. Hjúkrunarfræðingurinn reynir eftir megni að fá hana til að tala og brátt taka málin nýja stefnu.**

**Persona markar þáttaskil í ferli Ingmar Bergman og er talin með mögnuðustu og áhrifaríkustu verkum hans. Hann kafar djúpt í sálarlíf kvennanna beggja og tekur fyrir stóru spurningarnar um lífið, dauðann og allt þar á milli. Kvikmyndin er tekin á Farö þar sem Bergman setti stóra hluta verka sinna á svið.**

## PULP FICTION



*TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1994*

*LENGD: 155 MIN*

*FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN*

*LEIKSTJÓRI: Quentin Tarantino*

*AÐALHLUTVERK: John Travolta, Samuel L. Jackson og Uma Thurman*

*TUNGUMÁL: Enska með enskum texta*

Pulp Fiction er talin með áhrifamestu kvikmyndum tíunda áratugs síðustu aldar. Hún var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut Óskarinn fyrir besta handrit og Gullpálmann í Cannes.

Myndin fjallar um glæpamenn í Los Angeles, Jules (Samuel L. Jackson) og Vincent (John Travolta) en þeir eru skósveinar undirheimaforingjans Marcellusar (Ving Rhames). Í rauninni er þremur sögum fléttað saman í eina og myndinni skipt í fimm kafla í rangri tímaröð. Áhorfandinn þarf því að leggja dálítið á sig til að setja söguna saman í huganum og það er eitt af því marga sem greinir Pulp Fiction frá Hollywoodmyndum samtímans þar sem framvindan er fyrirsjáanleg.

## THE BIG LEBOWSKI



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, 1998*

**LENGD:** *117 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Bandaríkin*

**LEIKSTJÓRI:** *Joel og Ethan Coen*

**ÁDALHLUTVERK:** *Jeff Bridges, John Goodman, Julianne Moore*

**TUNGUMÁL:** *Enska með enskum texta*

Jeff Lebowski, sem er yfirleitt kallaður The Dude, tekur lífinu rólega, reykir jónur og spilar keilu með vinum sínum. Allt breytist þegar tveir hrottar ráðast á hann því þeir halda að hann sé milljónamæringur sem heitir sama nafni og hann og gerast svo ósvífnir að pissa á dýrmæta mottu í eigu hans.

Þegar Jeff fer heim til hins raunverulega Jeffrey Lebowski til að fá bætur fyrir mottuna, flækist hann inn í flókinn vef þegar hann tekur að sér að verða tengiliður á milli milljónamæringins og hrottanna sem rændu eiginkonu hans.

Sótsvört gamanmynd sem hefur rækilega ratað í menningarheim okkar tíma.

## PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE



**TEGUND OG ÁR:** *Leikin mynd, drama, 2019*

**LENGD:** *119 MIN*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Frakkland*

**LEIKSTJÓRI:** *Céline Sciamma*

**LEIKARAR:** *Noémie Merland, Adèle Haenel, Luàna Bajrami*

**TUNGUMÁL:** *Franska með íslenskum texta*

Hin unga listakona Marianne er ráðin í verkefni að mála portrett af Héloïse, tilvonandi brúði ríkrar fjölskyldu, sem hefur ítrekað neitað að sitja fyrir því hún neitar að giftast manningnum sem til stendur að binda hana við. Marianne dulbýr sig sem vinnukonu til að ávinna sér traust hennar en ekki líður á löngu þar til hún verður ástfangin af fyrirsætunni.

Myndin keppti um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni Cannes 2019 þar sem hún hreppti Queer Palm verðlaunin en um er að ræða fyrstu kvikmyndina sem leikstýrð er af konu sem hlýtur þau verðlaun. Einnig hlaut Celine Sciamma verðlaun fyrir besta handritið á hátíðinni.

## PARASITE



**TEGUND OG ÁR:** *Drama, 2019*

**FRAMLEIÐSLULAND:** *Suður-Kórea*

**LENGD:** *132 mínútur*

**LEIKSTJÓRI:** *Bong Joon Ho*

**LEIKARAR:** *Song Kang-ho, Sun-Kyun, Cho Yeo-jeong*

**TUNGUMÁL:** *Kóreska með íslenskum texta*

Sótsvört gamanmynd, þriller og vinningshafi Gullpálmans á Cannes 2019! Sníkjudýrin (Parasite) fjallar um bláfátæka fjölskyldu í kóreskri borg en einn daginn breytist allt þegar sonurinn fær vinnu við það að kenna unglingsstúlku ríkra hjóna.

Frá hinum margrómaða leikstjóra Bong Joon Ho (Okja, Snowpiercer) sem fjallar hér á listilegan hátt um stéttskiptingu í þessari stórkostlegu verðlaunamynd.

*Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur*

*Skráningar: oddnysen@gmail.com*

*Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís*

*<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>*



EUROPA  CINEMAS  
MEDIA - PROGRAMME OF THE EUROPEAN UNION

BÍÓ  PARADÍS  
*Heimili kvikmyndanna*

